



IOTA

Fundargerð

Fundur haldinn á Þingeyri 19. Nóvember 2018 kl. 18:30

1. Kynning á Lýðháskólanum á Flateyri.

Helena Jónsdóttir skólastjóri Lýðháskólans tók á móti okkur í húsnæði skólans en hann er til húsa á efri hæð hússins að Hafnarstræti 11 á Flateyri. Stargsemin dreifist bítt og breytt um Öfundarfjörð allt eftir viðfansefnum. Í kynningu Helenar koma fram að nemendurnir eru á aldrinum 18 – 62 ára og virðist aldursbilið ekki hafa áhrif á samstarf og gleði nemendanna. Nám í lýðháskóla er óhefðbundið, þar eru ekki próf og ekki mætingarskylda. Nemendur búa 3-4 saman í húsi og er sambýlið algjört lykilateymi. Val er um tvær námsbrautir þ.e. náttúru- og útivistarbraut og verkefna- og viðburðastjórnunarbraut, lögð er áhersla á að einstaklingurinn uppgötvi og strykist í samvinnu og starfi með öðrum nemendum. Í skólanum er fjölbreytt félagslíf sem blandast samfélaginu.

Eftir fróðlega og skemmtilega kynningu hélt hópurinn á neðri hæð hússins en þar er veitingastaðurinn Gunnukaffi sem sér m.a. um mötuneyti Lýðháskólans, leik- og grunnskólans. Hér héldum við formlegan fund. Staðurinn er mjög huggulegur, borin var fram grænmetisúpa, brauð og salat.

2. Dagskrá fundar.

- Formaður setti fundinn með því að bjóða deildarsystur velkomnar á fundinn og kveikti á kertum: vináttu, trúmennsku, hjálpsemi.

3. Orð til umhugsunar

- Pernilla Rein fór með okkur í skemmtilegt ferðalag. Hún byrjaði á að dreifa þurrkaðri jurt sem hún bað okkur um að lykta að og í framhaldi ræddi hún um hvað færi í gegnum hugann í kringum jurtin og upplifun okkar. Var þetta mjög skemmtilegt. Sumar heyrðu sjávarnið, dýrahljóð, funglasöng, fundu margs konar lykt og endurlifðu skemmtilegar ferðir úti í náttúrunni.

4. Nafnakall

- 14 konur voru mættar og komu kveðjur frá þeim sem voru fjarverandi.

5. Fundargerð síðasta fundar rifjuð upp

6. Inntaka nýrrar félagskonu

- Vilborg Ása Birgisdóttir var boðin velkomin í deildina okkar

7. Myndataka fyrir félagatal deildarinnar sem setja á inná vef landssambandsins

8. Slökkt á kertunum og fundi slitið 20:30